



INNLEIÐINGIN

Hvað er framundan?

Hvernig viljum við að þú hagir þér með tækioð?



Mánudagurinn 18. janúar

- *Ferlið hefst í einhverjum skólum 18. janúar og svo koma aðrir skólar á eftir.*
- *Ekki er búið að ákveða röð skóla.*
- *Fjögur þrep.*
- *Þú færð iPad, vinnur nokkur verk, og skilar síðan tækinu til kennara.*
- *Næsta dag vinnur þú aðeins meira.*
- *Svo koll af kolli uns allt er komið og þá færðu að taka tækið heim.*
- *Fjögur þrep og í því verður farið í fyrirbæri sem heitir stafræn borgaravitund.*
- *Umsjónarkennari stýrir ferlinu.*

Til hvers iPad?

- *Tækið er námstæki og í eigu Kópavogs.*
- *Þú berð ábyrgð og þú þarft að hugsa vel um tækið. Það á alltaf að vera í huldri (nema þegar það er flutt milli hulstra).*
- *Það má fá annað huldur, skila hinu til skólans. Það má skreyta huldrið og merkja.*
- *Það má setja inn leiki og lögleg öpp önnur en þau sem tengjast náminu en námsefni og námsöpp hafa alltaf forgang.*
- *Tækið er til að auka fjölbreyttni, til að nema á annan hátt, til að leysa verkefni á annan hátt, til að gera námið skemmtilegra.*
- *Farðu alltaf vel með tækið. Við gerum kröfu á það. Við treystum þér til þess, annars fengir þú ekki tæki.*

Hvað viljum við ekki

- *Ekki fikta í stillingum, ekki eyða appi sem heitir Airwatch, ekki breyta stýrikerfi eyða neinum skráum sem eru í tækinu nú þegar.*
- *Það má að sjálfsögðu uppfæra stýrikerfið sé þess þörf (rauð tala á settingsmerkinu).*
- *Ill meðferð, að kasta tækinu, að hugsa illa um það, að skemma það, að týna því.*
- *Að tækið komi óhlaðið í skólann, alltaf að hlaða tækið heima.*
- *Að verið sé að taka myndir/myndbönd af fólki án þeirrar vitneskju.*
- *Að verið sé að taka myndir/myndbönd af fólki án þeirrar vitneskju og setja á netið.*
- *Að þú sért í tækinu á skólatíma þegar það er ekki leyft.*
- *Að þú sért með tækið í matsal á matartíma.*
- *Að þú gangir inn í kennslustofuna ofan í tækinu. Berðu virðingu fyrir fólki, fólk á alltaf að vera í forgangi yfir tækin.*
- *Að þú fiktir í tæki samnemenda. Ekki breyta lykilorði, ekki taka myndir án leyfis. Láttu tæki samnemanda í friði. Það er alls ekki fyndið að fela tæki, breyta aðgangi eða öðru.*



Heima

- *Við setjum fáar reglur heima nema að fara vel með tækið og hlaða það fyrir skólann næsta dag.*
- *Foreldrar ráða öllu heima, ekki þú, ekki vinirnir, ekki foreldrar hans eða hennar leyfa eða „allir aðrir mega nema ég.“*